

**Nd.**

**251. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

Á eftir 6. gr. laganna komi ný grein, er verði 7. gr., svo hljóðandi:

Heimilt er að verja úr ríkissjóði fé til að greiða laun allt að fjórum aðstoðarlæknum héraðslækna í fjölmennum læknishéruðum, þar sem ekki eru starfandi læknar aðrir en héraðslæknar. Mega launagreiðslur þessar til hvers aðstoðarlæknis nema allt að 400 kr. á mánuði auk dýrtiðaruppbótar. Landlæknir semur við héraðslækna um vist og kjör aðstoðarlækna, og skal að jafnaði leitast við að vista einn aðstoðarlækni í hverjum landsfjórðungi. Það skal vera kvöð á aðstoðarlæknum, sem ráðnir eru samkvæmt þessari heimild, að grípa megi til þeirra í allt að fjóra mánuði samtals á ári, þegar þeirra er þörf til að gegna læknishéruðum um stundarsakir sem settir héraðslæknar eða staðgöngumenn héraðslækna í fjarvistum þeirra og öðrum forföllum.